

I. Tillaga til 414. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. mars 2018

Tillaga 1003. Fundar bæjarráðs frá 29. Janúar sl., um að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun 2018 vegna verkefnisins Ísland ljóstengt.

7. Ísland ljóstengt 2018 - 2017100045

Tæknideild Ísafjarðarbæjar í samráði við verkfræðistofuna Eflu sótti um styrk vegna átaksverkefnisins Ísland ljóstengt 2018. Heildarkostnaður verkefnis var 44.000.000 sótt var um styrk að upphæð 27.600.000 mótframlag Ísafjarðarbæjar var áætlað 9.600.000, inntaksgjöld 6.800.000

Ekki fékkst sú upphæð sem sótt var um, úthlutun fjarskiptasjóðs var 18.771.000

Lagt er til við bæjarráð að samþykkja styrkúthlutun Fjarskiptasjóðs, auk kostnaðar vegna vinnu Eflu, verði framlag Ísafjarðarbæjar til verkefnisins allt að 9,6 mkr. og í framhaldinu verði leitað til þeirra sem hafa lýst yfir áhuga á þátttöku í verkefninu um þeirra tillögur um útfærslu á því. Miðað verði við að sem flestir staðir verði tengdir. Fyrir það fé sem er til ráðstöfunar.

Fjarskiptafélögin Míla og Snerpa hafa lýst yfir áhuga á samstarfi einnig hefur Efla lýst yfir áhuga á stökum verkþáttum.

Gera þarf viðauka við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar vegna framlags bæjarins. Enn fremur er lagt til við bæjarráð að bæjarstjóri fái heimild bæjarráðs til staðfestingar samnings við Fjarskiptasjóð um

úthlutaðan styrk sem greiðist sbr. 24. gr. í skilmálum Fjarskiptasjóðs.

Lagt er til að Skipulags- og byggingafulltrúa verði falið að rita Mílu og Snerpa bréf þar sem greint er frá áformum bæjarráðs og viðkomandi aðilum boðið að skila tillögum um grófhönnun sem síðar verði lögð fyrir að nýju fyrir bæjarráð.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur bæjarstjóra að útbúa viðauka vegna málsins og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulags- og byggingarfulltrúa.